



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Nafn leikskóla

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat xxx deildar/deilda (hér gætu eldri og yngri deildir gert sameiginlega umbótaáætlun, það stuðlar að ígrundun og samræmingu).	6
5 Innra mat sérkennslu.....	7
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	8
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
8 Foreldrasamvinna.....	8
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	8
10 Fylgiskjöl	8



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólastarfið gekk upp og ofan síðasta skólaár.

Jafnvægi vegna allra flutninga á börnum og starfsfólki vegna lokunar hússins við Engihlíð 6-8 var að komast á. Einnig kom nýr deildastjóri til starfa.

Starfsmannahaldið gekk brösulega. Þurfti að losa tvær stöður vegna þess að ég taldi þau ekki „passa“ inn í starfsmannahópinn hjá okkur. Erfiðlega gekk að ráða í staðinn en það hafðist.

Þar af leiðandi gengu ekki öll okkar plön upp gagnvart þeirri umbótaáætlun /markmiðum sem við vorum buin að setja okkur. Einnig rakaði það starfseminni hjá okkur að það kom upp leki í kjallara og þurftum við að flytja út í tvær vikur. Það truflaði starfsfólkið og fannst það einhvern veginn vera komið á byrjunareit aftur. Tók smá tíma að trekkja það í gang aftur.

Við horfu á næsta skólaár með meiri bjartsýni og er er gleðilegt að tveir starfsmenn eru að sækja sér menntun, önnur í leikskólakennarfafræðum og hin til meistaramáms.

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)



Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Uppeldis- og menntastarf							
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Halda áfram að viðhalda gleðinni í starfsmanna- hópnum	Að styrkja til jákvæðni	Leikskólastj. Og deildastjórar	Haust 2024	Vor 2025	hópefli og samvera á gleðilegum nótum	Að gleði og jákvætt hugarfar einkenni starfsemina
Innra mat							
	skipuleggja þarf innramat í skólanum	stjórnendur skólans vinna að skipulr. Innramats – næstu 3-4 ár	Stjórnendur í skólanum	Nóv. 2024	Júní 2025	Í lok skólars. Með stjórnendum og viðeigandi fagaðilum	Að grunnur sé komin á matsáætl.



2 **Innra mat deildar/deilda** (hér gætu eldri og yngri deildir gert sameiginlega umbótaáætlun, það stuðlar að ígrundun og samræmingu).

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Ekkert mælanlegt innramat var gert, bara huglægt.

Urðu deildastjórnarskipti á annari deidinni um haustið og á hinni var deildastjórinn all nokkuð fjarverandi v.veikinda. Þannig að það plan/áætlun sem var búið að setja upp gekk heldur brösulega (eða ekki).



3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsnámskrár gerðar fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. Barn með stuðning er oftast inn á deild og fær einnig sérkennslutíma sér. „stuðningur“ sér um skráningu á sértímum og einnig vinnu inn á deild/ í hóp, Deildastjóri sér um skráningu á hópastarfstímum. Börn með sérkennslu taka þátt í öllu starfi deildanna. Öll skráning er á sameiginlegu svæði í tölvu.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, TRAS</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>T.d lærum og leikur, fjölbreytt kennsla, ýmis spil, öpp í ipas og margt fleira.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Námshögn keypt- spil – bækur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við aukum orðaforða barnanna í leik og sér tímum. Lesum og skoðum bækur. Orðheimurinn
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Mætti skipuleggja það betur
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Höfum ekki enn innleitt það matstæki
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka færin og skilning fjöltyngdra barna	Skipuleggja betur formið á allir kennslu fjöltyngdra barna	Leikskólastjóri og verkefnastjóri fjöltyngi	Haust 2024	Vor 2025	innleiða hæfnisramma í ísl. Fyrir fjöltyngd börn	Að börnin verði komin vel á veg með íslenskuna. Geti tekið þátt í leik og starfi.

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Engin skipulögð/eiginleg starfspróunarviðtöl voru tekin. Nokkrir starfsmenn voru að hætta og svo þau sem ætluðu að fara í nám sóttu um leyfi/ræddu við leikskólastjóra af fyrra bragði ☺



Fræðsla: Menntastefnumótið 17.maí

Starfsfólk hvatt til að notfæra sér „Torgið“ og kynna sér aðra fræðslu t.d. hjá stéttarfélögum og endurmenntun Háskóla Íslands.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ekkert samstarf við grunnskóla eða frístundamiðstöð - eru ekki börn á grunnskólaaldri í Hlíð eins og er.

8 Foreldrasamvinna

Kjósa þurfti í nýtt foreldrafélag/foreldraráð. Ekki var boðaður sér stakur fundur heldur óskað eftir foreldrum í ráðið með fjöldapósti til þerra og þeir hvattir til að bjóða sig fram. Það lukkaðist að fá 3 foreldra í ráðið.

Foreldraviðtöl voru 2 á skólaárinu eins og ráð var fyrir gert.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sameignlegir dagar: 27.sept., 6.febrúar 2025, 5.maí

Sér dagar: 29.nóv., 10.janúar 2025, 6.júní

10 Fylgiskjöl

10.1 leikskóladagatal

F. h. Leikskólans Hlíð

Auður Helga Kristinsdóttir
Leikskólastjóri

25.október 2024
Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Leikskólinn Hlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

María Dögg Nelson
Einar Már Birgisson
Áslaug Magnúsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



